

Mál nr. 167/2019**M og
V vegna ábyrgðartryggingar ökutækis.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna líkamstjóns við árekstur hinn 18. febrúar 2017.****Gögn.**

Málskot, dags. 02.05.2019, ásamt fylgiskjölum 1-5.

Bréf V, dags. 29.05.2019.

Málsatvik.

Hinn 18. febrúar 2017 lenti M í umferðarslysi. Tveimur dögum síðar leitaði hann til læknis vegna áverka, þ.e. mars á vinstri öxl eftir bílbelti, og tognunar og ofreynslu á fótlegg og baki. Var honum, samkvæmt samskiptaseðli heilsugæslu, ráðlagt að leita til sjúkraþjálfara ef einkenni versnuðu og að leita til heimilislæknis vegna framhaldsins. M tilkynnti V um slysið hinn 26. nóvember 2018, og gerði kröfu um bætur vegna líkamstjóns. M byggir á því ljóst sé að umræddur árekstur hafi verið harður og bifreið hans skemmt mikið. Þá hafi hann leitað læknisaðstoðar tveimur dögum eftir slysið, og hljóti því að vera óumdeilt að hann hafi orðið fyrir líkamstjóni við áreksturinn. Máli sínu til stuðnings leggur M jafnframt fram læknisvottorð dags. 1. febrúar 2019 þar sem m.a. kemur fram að M hafi farið að finna fyrir verk í mjóbaki skömmu eftir áreksturinn en ekki leitað lækninga vegna þess. Þá finni M fyrir hræðslu við að lenda aftur í sams konar slysi. Enn fremur kemur fram að M hafi skipt um starfsvettvang í apríl 2018, m.a. vegna afleiðinga slyssins. Niðurstaða þessa vottorðs er að með sálfræðimeðferð og sjúkraþjálfun ætti M að ná sér og segist M nú nýta sér þau úrræði.

Í bréfi sínu til nefndarinnar hafnar V því að um orsakatengsl sé að ræða milli slyssins sem M varð fyrir í febrúar 2017 og þeirra einkenna sem hann finni fyrir. Þannig skipti máli við mat á orsakatengslum að samfelld einkennasaga sé til staðar. Í tilfelli M liggja hins vegar fyrir að hann hafi leitað læknis tveimur dögum eftir slysið en svo ekki fyrr en tveimur árum eftir það. Það sé mjög langur tími milli læknisheimsóknna og margt sem geti gerst í millitíðinni. Hafnar V því kröfum M.

Álit.

Sem fyrr segir varð M fyrir slysi hinn 18. febrúar 2017 og leitaði til læknis vegna áverka sinna tveimur dögum síðar. Var M þá ráðlagt að leita til sjúkraþjálfara ef einkenni versnuðu og eins að leita til heimilislæknis varðandi áframhaldandi meðferð. Samkvæmt gögnum málsins liggur ekkert fyrir um að M hafi þá leitað til sjúkraþjálfara eða frekari læknismeðferðar. Sjúkrasaga M í kjölfar slyssins samkvæmt vottorði sem dagsett er hinn 1. febrúar 2019 virðist þá að mestu byggð á frásögn M sjálfs en ekki rannsóknum á einkennum hans. Ekki verður séð að áverkar M hafi verið myndaðir eða að frekari rannsóknir á þeim hafi farið fram. Þá liggja ekki fyrir nefndinni nein gögn er sýni fram á að mjóbaksverki þá er M finnur fyrir megi rekja til umrædds áreksturs, enda verður ekki séð að nein læknisfræðileg greining þeirra einkenna liggja fyrir heldur aðeins frásögn M sjálfs. Samkvæmt öllu framansögðu verður því ekki fallist á að M hafi tekist að sýna fram á orsakatengsl milli þeirra einkenna sem hann finnur fyrir og umrædds umferðarslyss. Er því óhjákvæmilegt að hafna kröfu hans.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum vegna líkamstjóns úr ábyrgðartryggingu ökutækis hjá V.

Reykjavík, 25. júní 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir, lögfr.